



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Ísafjörður, 28. mars 2019
2018100024

Efni: Tillaga að sérreglum byggðakvóta fiskveiðiárið 2018/2019

Á 1055. fundi bæjarráðs sem haldinn var 25. mars sl. var tekin fyrir tillaga að breytingum á sérreglum fyrri Hnífsdal reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2018/2019, þar sem vegna mistaka hafi Páll Pálsson ÍS 102 í eigu Hraðfrystihússins Gunnvarar verið skráður á Ísafirði en ekki Hnífsdal. Eftirfarandi er afrit úr fundargerð bæjarráðs:

„4. Tillaga að sérreglum byggðakvóta - Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018/2019 - 2018100024

Lagður er fram tölvupóstur Gauta Geirssonar, dags. 18. mars sl., með tillögu að breytingum á byggðakvótareglum í Hnífsdal.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að gerðar verði eftirfarandi breytingar á b lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 685/2018 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2018/2019, er varða sérreglur fyrir Hnífsdal:

„Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2018.“ muni standa

„Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 15. mars 2019.“

Enda hafi þessi ráðstöfun ekki áhrif á heimildir annarra í sveitarfélaginu.“

Óskað er eftir að framangreindar breytingar verði gerðar og auglýst að nýju.

Enn fremur hefur verið óskað eftir því af forsvarsmönnum Ísborgar Skr.nr. 78 á Ísafirði og Eiðs IS 126 1611, Flateyri, um sambærilegar breytingar á sérreglum um byggðakvóta og endurauglýsingu.

Vísað er í samtal bæjarstjóra og móttakanda bréfsins. Ef frekari upplýsinga er óskað, vinsamlegast hafið samband.

Virðingarfyllst,

Þórdís Sif Sigurðardóttir
bæjarritari